

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. janúar 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-92/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 9. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa. Í álitsbeiðni, sem varðar póstsendingu frá Bretlandi, segir m.a. eftirfarandi: „Sending frá Bretlandi barst þann 19. október sl. og var oftolluð af hálfu Y. Þ.e.a.s. í kaupverði var innifalinn sendingarkostnaður en tollar miðaðir við 87,99 pund í stað 79,99 og undirrituðum tjáð að þar væri áætlaður sendingarkostnaður settur ofan á verð.“ Þá segir í álitsbeiðni: „Hver er réttur íslenska ríkisins og Y í þessu tilfelli til að skattleggja með virðisaukaskatti þjónustu sem veitt er að hluta til og greitt fyrir í öðru landi?“ Að lokum segir m.a. í álitsbeiðni: „Mun fara fram á endurgreiðslu hjá Y.“

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beiðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Það er ljóst að ágreiningur aðila snýst um kaup á þjónustu póstflutningsfyrirtækis. Í 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er kveðið á um það til hverrar þjónustu lögin ná og segir um það eftirfarandi í 1. gr. laganna:

„Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjarmuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjarmunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir. Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.“

Samkvæmt framangreindum lagaákvæðum þykir kæruneftndinni ljóst að kaup á þjónustu póstflutningsfyrirtækis falla ekki undir þjónustukaupalögin og ekki verður heldur séð að þau falli undir lög um lausafjárkaup eða neytendakaup. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

Kæruneftndin telur rétt að benda álitsbeiðanda á að hann getur beint máli sínu til embættis tollstjóra, en sú stofnun fer með stjórn tollamála skv. lögum, þar með talið eftirlit með tollheimtu.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir